

Nð.

44. Frumvarp

til laga um að banna næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Í Reykjavík og í Hafnarfirði er bönnuð öll vinna við fermingu og affermingu skipa og báta frá klukkan 10 að kveldi til klukkan 6 að morgni.

2. gr.

Ef brýna og óhjákvæmilega nauðsyn ber til, getur lögreglustjóri þó veitt undanþágu til að vinna við fermingu og allfermingu skipa og báta á þeim tíma sólarhrings, sem bannið í 1. gr. tekur til. Leyfi til undanþágu skal vera skriflegt og gildi aðeins næturlangt. Lögreglustjóri heldur skrá yfir leyfi þau, er hann veitir samkvæmt þessari grein, og skal þar geta ástæðunnar til undanþágunnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—5000 krónum, er renna í rikissjóð, og skal afgreiðslumaður skips eða báts greiða sektir. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svo að segja orðrjett eftir frumvarpi, er flutt var á þingi 1925 af þáverandi 2. þm. Reykv. (J. Bald.), en fjell þá með litlum atkvæðamun. Þó er sú breyting á gerð, að lögin skuli gilda allt árið, í stað þess, að í frumvarpi því var undan tekinn tíminn frá 1. maí til 1. október, og er þessi breyting gerð með það fyrir augum, að þótt næturvinna sje sjaldgæf við fermingu og allfermingu skipa í Reykjavík og Hafnarfirði á þessu tímabili, er hún þó jafnvel enn óþarfari þá heldur en að vetri til.

Verklýðsfjelögin í Reykjavík og Hafnarfirði leggja mikla áherslu á að fá lög, er banni þessa næturvinnu. Að minsta kosti í Reykjavík hefir verið reynt að fá samskonar ákvæði inn í vinnusamninga, en ekki tekist, þótt útgerðarmenn segðust vilja leggja næturvinnuna niður. Þá er eftir löggjafarleiðin, enda eðlilegra, að um slíka óþarfa misbeitingu á heilsu verkamanna sje ákveðið með lögum heldur en þeir þurfi að greiða fyrir þesskonar samningsákvæði með lækkun á kaupgjaldi hinn tíma sólarhringsins.

Að öðru leyti visast til greinargerðar við frumvarpið 1925 (þskj. 116) og athugasemda við einstakar greinar þess.